

Aðalfundur Kennarafélags FSu. 20. Október 2010 kl. 11:05.

Mættir eru 37 félagsmenn.

Fundarstjóri er formaður KFSu, Ægir Pétur Ellertsson og ritari er Brynja Ingadóttir.

1. Skýrsla stjórnar

Ægir Pétur segir frá starfi félagsins síðasta ár. Almenn ánægja er með ráðstefnuna Fagmennska og fjör sem haldinn var 24. September 2010 að frumkvæði Gísla Skúlasonar.

2. Ársreikningar félagsins

Hulda Finnlaugsdóttir greinir frá ársreikningi félagsins. Félagið skilar hagnaði upp á 64.818 kr. á starfsárinu.

3. Lagabreytingar

Samkvæmt lögum félagsins þarf að boða til aðalfundar með a.m.k viku fyrirvara. Engar breytingatillögur bárust.

4. Kosning til stjórnar og annarra embætta

- 3 í stjórn og 1 trúnaðarmaður (og tveir til vara)
Starfandi stjórn samþykkt með lófaklappi.
- 2 fulltrúa á aðalfund FF sem verður 17. – 18. mars 2011.
- 2 fulltrúa á þing KÍ sem verður 6. – 8. apríl 2011.

Ægir Pétur, Þórey Hilmarsdóttir og Guðmundur Björgvin Gylfason gefa kost á sér til fundarsetu á aðalfundum KÍ og FF í mars og apríl 2011.

- 3 fulltrúar í samstarfsnefnd (+2 til vara)
Starfandi samstarfsnefnd samþykkt með lófaklappi. Þau eru
- **2 skoðunarmenn reikninga**
Þarf ekki að kjósa þetta ár, þar sem skoðunarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn og Álfhildur Eiríksdóttir og Ægir Sigurðsson voru kosin í fyrra.
- **2 trúnaðarmenn og 1 varatrúnaðarmaður**
Hörður Ásgeirsson og Vera Valgarðsdóttir kosinn aðal trúnaðarmenn og Ólafur Bjarnason varamaður.
- **3 í fagráð**
Starfandi fagráð fundaði á vorönninni.
Björgvin Eyjólfur benti á að hinn almenni starfsmaður eigi / megi vera duglegri við að koma góðum hugmyndum til fagráðs.

5. Starfsáætlun næsta árs

- Aðalfundur FF: 17. – 18. Mars 2011.
- Aðalfundur KÍ: 6. – 8. Apríl 2011.
- Stjórnin skoði möguleika á að fá betri kaffikönnu á Bollastaði

6. Önnur mál

Hörður flytur fréttir af fundi 4. okt. með formönnum og trúnaðarmönnum í framhaldsskólum um kjör framhaldsskólakennara.

Sýnir glærur frá Oddi S. Jakobssyni.

- Framlög til skóla eru hærri hér á landi er í öðrum OECD löndum, það er ekki vegna launakostnaðar.
- Sýnir á glærum hvernig kaupmáttur launa hefur rýrnað síðustu misserin, eða um 15% – 16%. Kaupmátturinn er viðlíka og árið 2002 á almennum markaði en hjá kennurum eins og á síðustu öld.
- Fjöldi stöðugilda stendur í stað hjá kennurum en hefur fækkað hjá BHM.
- Kennarar dragast enn einu sinni aftur úr BHM í launapróun. Launabilið nemur nú um 6%.
- Elna Katrín kynnti á fundinum stöðu samningamála. Viðræðuáætlun komin af stað. Reynt verður að verja þau laun sem eru, en ekki er gert ráð fyrir bættum kjörum kennara, helst skoðaðir möguleikar á breyttum hópastærðum.
- Rætt var um innleiðingu nýrrar námskrár. Frumvarpið samið við allt aðrar aðstæður en eru í dag. Hægt verði á innleiðingunni. Menn þurfi að skoða stefnuna upp á nýtt og spyrja sig hvort hægt verði að framfylgja stefnunni eða hvort breytinga sé þörf.
- Stjórnvöld og skólastjórnendur vilja skera niður sjálfsmat sem er þó lögbundið.
- Aðalheiður Steingrímsdóttir sagði á viðkomandi fundi frá starfskjörum kennara eftir hrun. Algengt er að fjöldi nemenda í hóp sé 31 en í samningum er miðað við hámark 25 nemendur í hóp. Einnig er verið að raska tímafjölda bak við einingafjölda í áföngum. Áfangar eru víða kenndir skertir. Kennurum settir afarkostir varðandi þetta.
- Þættir eins og kennslustjórn, sviðstjórn, umsjón, innkaup hafa verið skornir og lögð var áhersla á að kennarar skertu viðkomandi störf að sama skapi.
- Dregið hefur úr námsframboði í skólunum.

Hörður segir að samstarfsnefnd sé að taka til starfa og muni fjalla um m.a. alúðina og lausa kjarasamninga.

Hörður spyr hvað fólki finnst um þann hluta alúðarinnar, 1% af heildarlaunum og runnið hefur í sameiginlegan sjóð hér og notaður til utanlandsferða.

Þórey Hilmarsdóttir leggur til að þetta eina prósent fari inn í launin.
Einnig kom fram hugmynd um að ferðirnar verði ekki eins tíðar.

Fundi slitið kl. 12:20

Brynja Ingadóttir